

Kópavogsbær
Auður Dagný Kristinsdóttir

Reykjavík, 14. ágúst 2024
Tilvísun: 202407111 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi Ásbrautar, Kópavogsbær

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 19. júlí 2024, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í bæjarráði þann 18. júlí 2024 og varðar tillögu að deiliskipulagi Ásbrautar.

Samkvæmt lýsingunni, dags. 12. júlí 2024 er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir fjölbýlishúsalóðir nr 3-21 við Ásbraut. Markmið deiliskipulagsins er að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætleg grein fyrir skipulagsáformum en bendir á eftirfarandi:

- Í deiliskipulagi þarf að gera grein fyrir núverandi mannvirkjum og setja fram viðeigandi skilmála vegna þeirra, t.d. vegna viðbygginga, viðhalds og fleira sem við á.
- Huga þar sérstaklega að samráði við íbúa innan skipulagssvæðisins og í nágrenni við það.
- Auk þeirra umsagnaraðila sem koma fram í skipulagsgátt er tilefni til að leita umsagnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Garðabæjar.

Minnt er á að þegar deiliskipulagstillaga verður lögð fram í Skipulagsgátt til athugunar eftir auglýsingu þarf að fylgja afmörkun deiliskipulagsins á stafrænu formi fyrir birtingu í Skipulagsvefsjá.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir



Rafræn skilríki



Skipulagsstofnun

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sérfræðingur, svið skipulags

Undirritað með  OneSign

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026